

3  
8. jan.

## REGLUGERÐ

um

innheimtu afnotagjalds fyrir útlarp 8. janúar 1932.

1. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir útlarp skal vera 1. april.

2. gr.

Í Reykjavík annast skrifstofa útlarpsins innheimtu afnotagjaldsins. Utan Reykjavíkur er pósthúsum og póstafrgreiðslum landsins falið, að veita viðtöku afnotagjaldi útlarpsnotenda til útlarpsins, notendum að kostnaðarlausu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

3. gr.

Fyrir lok janúarmánuðar ár hvert sendir skrifstofa útlarpsins pósthúsum og póstafrgreiðslum eyðublöð fyrir kvittunum til útlarpsnotenda fyrir afnotagjaldinu. Eyðublöð þessi skulu vera í þrem tölumerktum reitum. Á eyðublöðin skal prentað:

- 1) Nafn og heimilisfang gjaldanda.
- 2) Upphæð gjaldsins og gjaldár.
- 3) Reglur um hagnýtingu og almenn not útlarpsins.
- 4) Aðrar helstu leiðbeiningar fyrir útlarpsnotendur.

4. gr.

Útlarpsnotandi, sem greiðir afnotagjald sitt til pósthúss eða póstafrgreiðslu, fær afhentan, gegn greiðslunni, eyðublaðshluta nr. III., með áritaðri kvittun pósthússins eða póstafrgreiðslunnar.

5. gr.

Pósthús og póstafrgreiðslur senda við lok hvers mánaðar til póststjórnarinnar í Reykjavík skrá í tveim eintökum yfir þá gjaldendur, sem greitt hafa afnotagjald sitt til pósthússins á mánuðinum. Skránni skal fylgja eyðublaðshluti nr. II. Eyðublaðshluta nr. I. heldur pósthús eða póstafrgreiðsla eftir í skjalasafni sínu.

6. gr.

Póststjórnin greiðir mánaðarlega til skrifstofu útlarpsins innheimtar upphæðir, samkvæmt innheimtuskrá pósthúsanna, að fráreginni innheimtuþóknun, er ákveðst 15 aurar fyrir hvern gjaldanda. Greiðslunni fylgi eyðublaðshluti nr. II. og eintak af innheimtuskrá pósthúsanna.

## 7. gr.

Eftir miðjan september ár hvert sendir skrifstofa útvarpsins sýslumönnum og bæjarfógetum skrá yfir ógreidd afnotagjöld í lögsagnarumdæmi þeirra. Skulu þá gjöldin tekin lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885, eftir að innheimtumaður hefir kynnt sér, að gjaldandi hafi ekki greitt gjald sitt síðan lögtakskrafan var send frá skrifstofu útvarpsins í Reykjavík.

3  
8. jan.

## 8. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin reglugerð um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp frá 14. marz 1931.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62, 10. maí 1930 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. janúar 1932.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*

**REGLUGERÐ**

um

**kosningu til kirkjuráðs.**

4  
8. febr.

## 1. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar, í fyrsta sinn nú þegar, sendir biskup hverjum sóknarpresti landsins, svo og kennurum guðfræðideildar háskólans, þar til gerða kjörseðla og leggur fyrir þá að tilnefna tvo guðfræðinga til að taka sæti í kirkjuráði fyrir hina íslenzku þjóðkirkju.

## 2. gr.

Kjörgengir eru þeir einir guðfræðingar, sem kosningarrétt hafa.

## 3. gr.

Kjörseðlar endursendast biskupi í póstabýrgð svo tímanlega, að komnir séu í hendur biskups fyrir lok marzmánaðar. Aftan á hvert bréf sé ritað „Kosning til kirkjuráðs“ og nafn kjósanda.